

Ed.

108. Frumvarp

til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:

1. Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.
2. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
3. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
4. Nesping: Ólafsvikur-, Fróðár- og Ingjaldshólssóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, sem sett er með lögum um skipun prestakalla, nr. 45, 16. nóv. 1907. 1. gr. IX. 47. og X. 48. og 49. gr.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lög nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Greinargerð:

Lögin um skipun prestakalla frá 16. nóv. 1907 mæla svo fyrir, að Miklaholtsprestakall í Snæfellsnessprófastsdæmi skuli leggjast niður og sameinast Staðarhrauns- og Staðastaðarprestakalli.

Þessi samsteypa verður að teljast mjög óheppileg, þar sem Staðastaðarprestakall verður þá svo viðáttumikið, að það má telja ofvaxið einum presti að þjóna því.

Þetta prestakall á samkvæmt fyrnefndum lögum að ná frá Arnarstapa suður að Hafsfjarðará og milli fjalls og fjöru á öllu því svæði, en hinum megin fjallgarðanna eru á jafnlöngu svæði mikill hluti Nesþingaprestakalls, alt Setbergsprestakall, alt Helgafellsprestakall og mikill hluti Breiðabólstaðarprestakalls. Má af því sjá, að hjer er ekki um nokkurn jöfnuð eða samræmi að ræða.

Þessi samsteypa hefir líka valdið mikilli óánægju hjá þeim söfnuðum, er hún kemur fram á. Á safnaðafundum og þingmálafundum hefir hvað eftir annað verið óskað eftir breytingum í þá átt, sem þetta frumvarp fer fram á, og á nýafstaðinni prestastefnu (synodus) í Reykjavík var í einu hljóði samþykkt yfirlýsing þess efnis, að prestastefnan teldi mjög óheppilegt, að Miklaholtsprestakall legðist niður.

Þá fer frumvarp þetta fram á, að Hellnasókn sje tekin undan Nesþingaprestakalli og sameinuð Staðastaðarprestakalli.

Vegna staðháttu virðist þessi breyting vera sjálfsögð. Það er talsverðum erfiðleikum bundið fyrir prestinn í Nesþingum að þjóna Hellnasókn, þar sem hann verður að sækja þangað yfir erfiða fjallvegi. Hins vegar er mikið hægra fyrir prestinn á Staðastað að þjóna þessari sókn; það yrði því jafnframt miklu meiri jöfnuður á stærð prestakallanna í Snæfellsnessprófastsdæmi, ef þessi breyting kæmist á.